

Húnaþing vestra  
Bogi Kristinsson Magnusen  
Húnavellir  
541 Blönduós

Reykjavík, 12. janúar 2023  
UST202301-001/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 vegna íbúðarbyggðar á Hvammstanga**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Húnaþingi vestra er barst 2. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 fyrir Hvammstanga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að reitur ÍB-9 við Lindarveg verður stækkaður, en svæði sem áður var skilgreint sem F1 verður fellt niður og skilgreint sem hluti af F4. ÍB-9 verður eftir stækkun 2,1 ha og við reitinn bætast sjö lóðir. Samtals verða því 17 lóðir innan svæðisins. Auk þess mun íbúðarsvæði ÍB-7 stækka til norðurs í átt að ÍB-6 Eyri. Stækkunin mun nema um 2 ha og verður hægt að koma fyrir 4 lóðum til viðbótar með sömu skilmálum og gilda fyrir ÍB-7. Íbúðarsvæði ÍB-6 mun stækka til norðurs og ná yfir svæði sem í dag er skilgreint sem athafnasvæði AT-3. Við það mun svæðið stækka um 1 ha og verður eftir stækkun um 2 ha. Einnig mun svæði AT-3 færast yfir á svæði sem nú er skilgreint sem OP-3 og lögum þess breytast aðeins, en stærðin verður nokkurn veginn sú sama. Reitur OP-3 mun falla niður.

### **Afmörkun og aðgengi**

Umhverfisstofnun telur óljóst hvort fella eigi niður allan reitinn OP-3 í tillögnum eða einungis minnka reitinn í samræmi við stækkun og færslu annarra reita.

Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að við gerð tillögunnar sé hugað að aðgengi gangandi og hjólandi frá íbúðarsvæðum ÍB-6 og ÍB-7 að verslun, þjónustu og skólum í þéttbýlinu. Auk þess er mikilvægt að tryggt sé aðgengi almennings til útivistar meðfram strandlengjunni.

### **Iðnaðarsvæði**

Þar sem reitur ÍB-6 liggur að reit I-3, sem er skilgreindur sem iðnaðarsvæði, þarf að mati stofnunarinnar að setja skýra lýsingu/skilmála fyrir iðnaðarsvæðið I-3 í aðalskipulagi og í breytingu á deiliskipulagi sem aðalskipulagsbreytingin kallar á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er iðnaðarsvæði skilgreint sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Kemur ofangreint einnig fram í greinargerð aðalskipulagsins á bls. 64.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*